

22. apríl 2013

Tilkynning frá Mjólkursamsölnni

Mjólkursamsalan hefur ákveðið að taka úr sölu og innkalla eina tiltekna framleiðslulotu af Dala Feta í kryddolíu í 325 gr. umbúðum. Þessar krukur eru merktar: Best fyrir 2. ágúst 2013.

Ástæða innköllunarinnar er að vitað er um eitt tilvik þar sem brotnað hafði upp úr skrúfgangi krukku og borist í vöruna. Taldar eru hverfandi líkur á að tilvikin séu fleiri, en Mjólkursamsalan setur öryggi neytenda í forgang og því er varan innkölluð.

Upplýsingar um vöruna:

Vöruheiti:	Dala Feta í kryddolíu
Strikamerki:	5690516053512
Nettóþyngd:	325 g
Best fyrir dagsetning:	02 AUG 2013

Neytendum sem keypt hafa vöruna með framangreindri dagsetningu er bent á að þeir geta skilað vörunni í þá verslun þar sem hún var keypt.

Mjólkursamsalan biður neytendur velvirðingar á þeim óþægindum sem af þessu getur hafa skapast.

Nánari upplýsingar veitir gæða- og umhverfisstjóri Mjólkursamsölnnar í síma 569 2200 eða í netfangið jkb@ms.is.